

# MINNISBLAÐ

---

**Til:** Umhverfisráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar

**Frá:** Umhverfisstofnun, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Samorka

**Dagsetning:** 07.02.2018

**Efni:** Fráveitumál á Íslandi

Umhverfisstofnun, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Samorka héldu nýlega samráðsfund til að fara yfir athugasemdir aðila við nýlega stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar um fráveitumál. Aðilar urðu ásáttir um að taka saman minnisblað um atriði sem þeir voru sammála um að þyrfti að taka á til að ná enn frekari árangri í fráveitumálum á Íslandi.

## Sérstaða Íslands í fráveitumálum

Ísland sker sig talsvert frá öðrum Evrópuríkjum varðandi hreinsun skólps frá þéttbýli þar sem blöndun viðtaka í strandsjó er hröð og má því beita eins þreps hreinsun sem lágmarkshreinsun. Jafnframt búa tiltölulega fáir inn til landsins þar sem tveggja þrepa hreinsunar er að lágmarki krafist. Hérlendis er því aðallega notast við eins þreps hreinsun en sú hreinsun er nánast ekki notuð víðast annarsstaðar í Evrópu. Tiltölulega stór hluti skólps á Íslandi er ekkert hreinsaður (rúmlega 20%). Er þar um að ræða staði utan höfuðborgarsvæðisins. Á Íslandi hefur hreinsun þar sem skólþ er einungis hreinsað af aðskotahlutum þ.e. grófhreinsað verið talin sem eins þreps hreinsun þó að hún nái ekki hreinsikröfum skólþtilskipunar.

## Frágangur fráveitureglugerðarinnar

Nefnd um endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra 12. júlí 2013 og hefur reglugerðin verið í endurskoðun síðan þá. Nefndin skilaði af sér drögum að nýrri reglugerð ásamt greinargerð í maí 2017. Sumarið 2017 voru drögin send til umsagnar og er vitað um að talsvert af umsögnum hafi borist ráðuneytinu. Mikilvægt er að vinnu við endanlega gerð reglugerðarinnar ljúki sem allra fyrst þannig að ljóst sé hvaða reglum beri að fara eftir við uppbyggingu fráveitumannvirkja. Skýra þarf betur ábyrgðarskiptingu milli sveitarfélaga sem rekstraraðila fráveitna, fyrirtækja, heimila í dreifbýli, heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar með það að markmiði að byggja upp nægilega gott kerfi til að tryggja nauðsynlegan árangur í málaflokknum. Tryggja þarf að eigendur/rekstraraðilar og eftirlitsaðilar geti staðið undir ábyrgð sinni samkvæmt lögum og reglugerðum. Í þessu sambandi má einnig nefna úr greinargerðinni að tekin verði ákvörðun hvort heimila eigi undanþágu til að beita einfaldari hreinsun skólps þegar losað er í vatnsmiklar jökulár.

## Kostnaðarmat eftir setningu reglugerðarinnar

Samfara vinnu við reglugerðardrög hafði Umhverfisstofnun unnið að forgangsröðun nauðsynlegra endurbóta í fráveitumálum hjá sveitarfélögum, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorku. Samkvæmt skýrslu Félags ráðgjafaverkfræðinga og Samtaka iðnaðarins „Innviðir á Íslandi“ er kostnaður við nauðsynlegar fráveitumbætur metinn á 50 til 80 milljarða króna. Enn vantar þó kostnaðarmat fyrir margar einstakar framkvæmdir, einhver kostnaður liggur fyrir vegna framkvæmda sem eru í gangi eða á undirbúningsstigi. Þeir aðilar sem að minnisblaðinu standa telja mikilvægt að forgangsráða aðgerðum þannig að málunum verði strax komið í viðunandi horf í stærri þéttbýlum

(>2.000 p.e.) með viðtaka í ár og vötn og stærri þéttbýlum (>10.000 p.e.) með viðtaka í sjó sem ekki hafa enn neina hreinsun.

### **Kostnaðarþátttaka ríkisins í nauðsynlegum fráveituframkvæmdum**

Aðilar fagna þeirri áherslu ríkisstjórnar sem nú hefur komið fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna en þar segir að gera þurfi átak í fráveitumálum í samstarfi ríkis og sveitarfélaga þar sem veruleg þörf er á uppbyggingu í þessum málaflokki. Ljóst er að sveitarfélög þurfa fjárhagslegan stuðning til að þau geti uppfyllt þær skyldur sem kveðið er á um og skoða þarf hvort setja eigi reglur um að sveitarfélög sameinist um rekstur fráveitukerfa. Rétt er í þessu samhengi að minna á hugmyndir um að ríkisvaldið taki aftur upp fráveitustyrk eins og hann tíðkaðist til ársins 2008.